

Skólaleikrit

# ANDVAKA KÓNGSDÓTTIR

Leikrit byggt á samnefndu ævintýri

Pórunn Pálsdóttir

## Persónur:

SÖGUMAÐUR

KÓNGSDÓTTIR

KÓNGUR

HIRÐMEISTARI

ÞERNA

JÓN

JÓNKI

NONNI

LÆKNIR

TAFSARI

VARÐMAÐUR

(HIRÐMENN OG HIRÐMEYJAR)

SÖGUMAÐUR:

Einu sinni var kóngur sem átti afar stórt ríki. Hann var orðinn gamall þegar þetta gerðist. Kóngur átti eina dóttur barna. Hann bar svo mikla umhyggju fyrir dóttur sinni að hann fór með hana eins og brothætt egg.

## 1. þáttur

*(Í herbergi KÓNGSDÓTTUR. Rúm með mörgum silkipúðum og silkiábreiðu er öðrum megin en hinum megin á sviðinu eru tvö háseti. KÓNGSDÓTTIR og ÞERNAN eru inni. KÓNGSDÓTTIR situr í stól. ÞERNAN greiðir hár kóngsdóttur. KÓNGUR kemur inn ásamt hirðmeistara).*

KÓNGUR

Kæra dóttir! Nú skaltu fara að sofa.

KÓNGSDÓTTIR:

Ég er ekkert syfjuð, faðir minn.

KÓNGUR

Þú verður að sofa svo þú verðir áfram fegurst allra í ríki mínu.

KÓNGSDÓTTIR:

Ég vil fá kakómalt og súkkulaðiköku.

KÓNGUR

Þerna, náðu í kakómalt og súkkulaðiköku handa yndinu mínu. *(Við KÓNGSDÓTTUR):* Gættu þess að háttu þig ekki sjálf. Láttu þernur þínar gera það. Láttu þær svo leggja þig upp á silki-sængina gullbúnu og hlúa að þér.

KÓNGSDÓTTIR:

Já, já pabbi minn. En ég er ekkert syfjuð.

*(ÞERNAN kemur inn með köku og kakómalt. KÓNGSDÓTTIR tekur við því og borðar).*

KÓNGUR

*(ánægður):* Nú geturðu örugglega sofnað, krúttið mitt. Góða nótt. *(HIRÐMEISTARI og KÓNGUR fara út).*

TJALDIÐ

TÓNLIST

## 2. Þáttur

*(KÓNGSDÓTTIR er háttuð og komin upp í rúmið. ÞERNAN stendur hjá og horfir á KÓNGSDÓTTUR).*

**KÓNGSDÓTTIR**

*(leggst út af og lokar augunum. Sest svo fljótlega upp aftur og er með galopin augu):  
Ég get ekki sofnað.*

**ÞERNA**

*(fórnar höndum): Guð minn góður, hræðilegt. Hún getur ekki sofnað. Ég verð að ná í kónginn. (Hún fer út).*

*(KÓNGUR, HIRÐMEISTARI og ÞERNA koma inn).*

**KÓNGUR**

*(örvæntingarfullur): Hvað er atarna. Geturðu ekki sofið, lambið mitt? Það er hræðilegt. Þerna, náðu í poka með alls konar góðgæti, brjóstsykri, karamellum og súkkulaði! (ÞERNAN fer út. Við KÓNGSDÓTTUR) Yndið mitt. Þú getur svo sent boð í eldhúsið eftir stóru krúsinni sem jarðarberjamaukið er í.*

*(ÞERNAN kemur inn með sælgætispoka og lætur KÓNGSDÓTTUR fá hann. KÓNGSDÓTTIR tekur pokann og hámar sælgætið í sig). Borðaðu nú bara eins og þig lystir. Ég ætla að láta kalla á alla lækna sem til eru í landinu.*

*(KÓNGUR OG HIRÐMEISTARI fara út).*

**TJALDIÐ**

**TÓNLIST**

### 3. þáttur

*(Í herbergi kóngsdóttur. KÓNGSDÓTTIR situr upp í rúminu. Hún er glaðvakandi, heldur um magann og er aum að sjá).*

*(LÆKNIR kemur inn ásamt KÓNGI og HIRÐMEISTARA. Hann gengur að KÓNGSDÓTTUR).*

LÆKNIR:

Opnaðu munninn. *(KÓNGSDÓTTIR opnar munninn. Hann stingur skeið upp í hana).*  
Segja aaa!

KÓNGSDÓTTIR:

Aaaa.

LÆKNIR

*(dregur skeiðina út úr munninum og tekur síðan púlsinn á KÓNGSDÓTTUR. Við KÓNG):*  
Kóngsdóttir er þreytt. Hún á að liggja í rúminu, drekka hafraseyði og borða tvíbökur með. Síðan ætti yðar hátign að fyrirskipa að láta reka alla hunda og ketti út úr höllinni svo að þeir geri ekki hávaða með áflogum sínum og rifrildi. Allir í höllinni eiga að ganga um á tánum og þeir mega ekki tala saman og verða að tjá sig með látbragði.

KÓNGUR:

Þetta geri ég. *(Við KÓNGSDÓTTUR):* Elsku dúllan mín, reyndu svo að sofna.  
*(Þeir fara út. ÞERNAN stendur við rúmið og reynir að halda sér vakandi).*

TJALDIÐ

SÖGUMAÐUR

*(læðist inn á sviðið):*

Nú gengu allir á tánum og hundarnir flugust á utan við hallarhliðin en allt var þó árangurslaust. Kóngsdóttir bylti sér andvaka í silkirekkju sinni. Hún var sígeispandi en ekki kom henni dúr á auga. Kóngur hótaði læknum öllu illu ef þeim tækist ekki að svæfa kóngsdóttur. Þeir létu hana aka í vagni í leikhús, dýragarð og á veðreiðar. Þeir sögðu að hún kæmist í svo gott skap að hún gæti þá sofnað á eftir.

## 4. Þáttur

*(Í herbergi kóngsdóttur. KÓNGUR er að borða. HIRÐMEISTARI stendur fyrir aftan hásetið. VARÐMAÐUR stendur vörð við dyrnar. KÓNGSDÓTTIR ásamt ÞERNUNNI koma inn).*

KÓNGUR:

Jæja, hvernig líður þér, dúfan mín?

KÓNGSDÓTTIR:

Ég skal reyna að sofna. *(Leggst upp í rúm. Lokar augunum en sest svo upp aftur og glennir upp augun).* Ég get ekki sofnað.

KÓNGUR

*(verður öskureiður og missir hnífapörin niður. HIRÐMEISTARINN tekur þau upp. Öskrar):*  
Hirðmeistari!

HIRÐMEISTARI:

Já, yðar náð.

KÓNGUR:

Náðu í lækninn.

HIRÐMEISTARI:

Skal gert, yðar hátign. *(Fer út en kemur von bráðar með LÆKNINUM inn aftur).*

KÓNGUR:

Ég vil að þú og allir aðrir læknar hypji sig úr höllinni. Ef þið farið ekki strax þá skal ég láta stinga ykkur inn í fallbyssuhlaup og skjóta ykkur á óvinina næst þegar ég fer í stríð. Varðmaður, farðu með skottulækninn út. *(Varðmaðurinn fer með lækninn út og kemur svo aftur og stendur vörð).*

TJALDIÐ

*(Lúðrablástur)*

## 5. þáttur

SÖGUMAÐUR:

Hans hátign gaf svo út þá skipun að enginn í öllu landinu mætti sofna. Bumbur voru barðar úti fyrir hverjum glugga (bumbusláttur). Það var voðalegt hörmungarástand í öllu landinu. Kóngur lét nú þau boð út ganga að ef einhver gæti læknað kóngsdóttur þá skyldi hann fá hana og hálf t ríkið með.

*(Bræðurnir, JÓN og JÓNKI, koma inn um dyr áhorfendasalar og labba að pallinum sem er fyrir framan sviðið. Þeir stoppa til hliðar við sviðið).*

JÓN:

Það sakar ekki að reyna að svæfa kóngsdóttur ef maður á að fá hálf t kóngsríkið og hana í kaupbæti.

*(Þeir fara upp á pallinn).*

JÓNKI:

Já, Jón bróðir ef þú getur ekki svæft kóngsdóttur með flautuleik þínum ætla ég að þylja heila landafræði og hálf a lesbók yfir henni. Þá hlýtur hún að sofna.

*(NONNI birtist í dyrum áhorfendasalarins og gengur til bræðranna).*

JÓN:

Nei, þarna fer vinnuþjarkurinn hann Nonni bróðir okkar. Blessaður og sæll. Ert þú á leið til hallarinnar?

NONNI:

Já, ég ætla að freista gæfunnar og reyna að svæfa kóngsdótturina fögru.

JÓN

*(hlær):* Ha, ha. Hvernig ætlarðu að fara að því?

JÓNKI:

Ég er hræddur um að þú, sem ekkert kannst nema pæla og þjakka með skóflu og hamast út á túni, eigir enga möguleika á að svæfa kóngsdóttur.

NONNI:

Sjáið bara til, kæru bræður. Ég kann gott ráð við svefnleysi. Ekki ætla ég að segja ykkur frá því hvað það er. Þið komist að því seinna. *(Arkar fram úr þeim og fer inn um hliðardyr).*

JÓNKI og JÓN:

Ætlar drengstaulinn að fara á undan okkur?

JÓN:

Við verðum að drífa okkur. (Þeir fara út).

TJALDIÐ

## 6. þáttur

*(Svefnherbergi KÓNGSDÓTTUR. Hún liggur á þúðunum uppi í rúmi sínu og KÓNGUR situr í hásetinu og er að reyna að halda sér vakandi).*

KÓNGUR:

Æ, æ mig auman. Hirðmeistari, þú verður að styðja við kórónuna mína. Hún er svo þung.  
*(HIRÐMEISTARINN heldur við kórónuna). Æ, látið næsta koma.*

*(VARÐMAÐUR sækir TAFSARANN og kemur strax með hann).*

KÓNGUR:

Jæja, svona svæfðu nú dóttur mína.

TAFSARI:

E.. e...einu .... si..i..i..inni..... va..va..var.. kó...kó...kóngsdó...dó...dó..dóttir seeem vaaaar  
u..u...u..ndraaaafö...fö..föguuur. Hú...  
*(Byrjar að segja sögu en frásögnin er hikandi og tafsandi. Það má vera eitthvert ævintýri).*

KÓNGSDÓTTIR

*(þirruð):* Sá er góður. Heldur hann að ég geti sofnað við þetta tafs? Burt með þig.

KÓNGUR

*(hrekur upp, hrópar):* Þetta er ömurlegt, burt.

*(TAFSARI fer út)*

KÓNGUR

*(önugur):* Látið næsta koma inn.

*(VARÐMAÐUR sækir JÓN).*

JÓN:

Góðan daginn. Hér kem ég. Ég ætla að leika á flautu. Ég heiti Jón og er fær í flestan sjó.  
*(Mundar flautuna og ætlar að fara að leika á hana).*

KÓNGUR

*(það er mjög af honum dregið):* Hvað er hann að segja?

HIRÐMEISTARI

*(hátt):* Hann kann að leika á flautu.

KÓNGUR:

Ég heyri ekki til hans. Hann verður að spila hærra.

HIRÐMEISTARI

*(hrópar):* Já, en hann er alls ekki byrjaður ennþá.

KÓNGUR

*(æpir):* Flýttu þér þá.

*(JÓN byrjar að leika á flautuna og KÓNGUR fer að draga ýsur).*

KÓNGSDÓTTIR

*(öskrar):* Burt með þig. Þetta er óþolandi.

KÓNGUR

*(hrekur upp óttasleginn):* Burt! *(Æpir)* Burt, burt!

*(JÓN fer út og JÓNKI kemur inn).*

KÓNGUR:

Hvað er þetta, mér virðist þeir vera tveir?

HIRÐMEISTARI

Það er af því að yðar hátign er syfjaður.

KÓNGUR:

Ég er ekkert syfjaður. Bull og vitleysa. Segðu mér hvað þessi snáði kann eða ætlar hann líka að spila á flautu?

HIRÐMEISTARI

*(hátt):* Hann kann heila landafræði og hálfra lesbók utanað. Hann ætlar að þylja.

*(KÓNGUR geispar og hakan sígur niður að bringu. Dottar. HIRÐMEISTARINN tekur upp stóra nál og ætlar að stinga nálinni í iljar konungs).*

KÓNGUR

*(hrekur upp og dregur óttasleginn fæturna alveg inn undir sig):* Þú mátt ekki stinga mig nema í brýnustu nauðsyn. *(Glennir upp augun).* Hirðmeistari, láttu nú snáðann fara að þylja.

JÓNKI:

Á það að vera landafræði eða lesbók? *(Hneigir sig djúpt).*

KÓNGSDÓTTIR

*(rís upp við dogg):* Hvað heitir höfuðborgin á tunglinu?

JÓNKI:

Ég er ekki komin svo langt í landafræðinni, yðar hágöfgi.

KÓNGSDÓTTIR:

Hve langt er héðan til Afríku?

JÓNKI

(skelfur af hræðslu): Það veit ég ekki.

KÓNGSDÓTTIR:

Burt með þig. Þú kannt ekki neitt. (VARÐMAÐUR tekur í hnakkadrambið á honum og hendir honum út).

(NONNI kemur inn).

NONNI:

Góðan daginn, gamli kóngur. (Hneigir sig fyrir KÓNGINUM). Góðan daginn, fagra kóngsdóttir. (Hneigir sig fyrir KÓNGSDÓTTUR). Það er raunar sagt um mig að ég kunni ekkert en ég held nú samt að ég geti látið kóngsdótturina sofna. En þá má kóngsdóttirin ekki liggja á hundrað koddum um hádaginn. Maður fyllist leiðindum og skapvonsku af að liggja svona í leti. Nei, kóngsdóttirin verður að hypja sig í fötin og koma með mér.

KÓNGUR

(glæðvakandi): Ég held að maðurinn sé alveg kolvitlaus.

KÓNGSDÓTTIR

(stendur upp): Heyrðu, ef þú getur svarað þrem spurningum sem ég ber upp fyrir þig, þá skal ég koma með þér. En getir þú ekki svarað þá verður þér kastað í dýpsta fangaklefan því að þú talar svo borginmannlega í viðurvist minni og kóngsins föður míns.

NONNI:

Ég skal svara þessum spurningum með ánægju.

KÓNGSDÓTTIR:

Hver er fallegastur í heimi?

NONNI:

Það ert þú sjálf, kóngsdóttir.

KÓNGUR:

Alveg rétt.

KÓNGSDÓTTIR

(ánægð): Hver er voldugastur í heimi?

NONNI:

Gamli kóngurinn hann faðir þinn. (Hneigir sig).

KÓNGUR

(feimnislega): Það er ágætt.

KÓNGSDÓTTIR:

Hver er hamingjusamastur í heimi?

NONNI:

Það er nú ég sjálfur, þegar mér hefur auðnast að láta kóngsdótturina sofna. Og það skal mér vissulega heppnast. Gerið þið svo vel að koma öll með mér svo skulum við sjá hvernig fer.

TJALDIÐ

TÓNLIST

## 7. þáttur

*(NONNI, KÓNGSDÓTTIR, KÓNGUR, HIRÐMEISTARI, ÞERNAN og VARÐMAÐUR koma inn um hliðardyr sviðsmegin og fara upp á pallinn fyrir framan tjaldið).*

KÓNGDÓTTIR

*(döpur): Hvað á ég nú að gera?*

NONNI:

Þú átt að sitja yfir hundrað ám fyrir föður minn og passa að þær fari ekki út um fjöll og firnindi. *(KÓNGSDÓTTIR fer að gráta).*

ÞERNAN:

Aumingja kóngsdóttirin. Það má ekki leggja þetta á hana. *(Réttir KÓNGSDÓTTUR vasaklút).*

NONNI:

Þetta dugir ekki. Þarna er ein að fara upp fjallið. Þú verður að hlaupa á eftir henni. *(KÓNGSDÓTTIR hleypur í gegnum áhorfendasalinn og út um dyr. KÓNGUR og hirðin hlaupa á eftir. NONNI gengur í rólegheitum blístrandi á eftir þeim. SÖGUMAÐUR verður eftir).*

SÖGUMAÐUR:

Nú áttu allir að horfa á kóngsdóttur en enginn mátti hjálpa henni. Ef ærnar fóru að hlaupa þá hljóp kóngsdóttir. Þegar hermenn og hirðmeyjar sáu það hlupu þau líka. Það var hræðileg áreynsla.

*(KÓNGSDÓTTIR kemur hlaupandi inn aftur um dyr áhorfendasalarins ásamt fylgdarliði, móð og másandi. Þau hlaupa upp á pallinn fyrir framan tjöldin).*

KÓNGSDÓTTIR:

Ég er alveg að örmagnast. Fæturnir á mér eru svo sárir að ég held þeir hafi bólgnað af áreynslunni.

NONNI:

Það dugir ekki að kvarta.

KÓNGUR:

*(lafmóður):* Þetta er hræðilegt.

KÓNGSDÓTTIR

*(lítur í átt til dyranna á áhorfendasalnum):* Ó, nei, þarna fer ein. *(Hún hleypur af stað út og allir hlaupa á eftir henni nema SÖGUMAÐURINN. NONNI gengur flautandi á eftir).*

SÖGUMAÐUR:

Ef tvær kindur hlupu í suður þá hlupu níutíu og átta í norður. Kóngsdóttir varð að þjóta á eftir þeim upp hæðir og niður brekkur. Og allar hirðmeyjarnar þöndu sig á eftir upp hæðir og niður brekkur. Það var átakanleg sjón að sjá.

*(Hersingin kemur aftur inn um aðrar dyr áhorfendasalar og upp á pallinn aftur. Allir eru lafmóðir, nema NONNI).*

NONNI:

Jæja, nú er komið kvöld. Nú getum við haldið heim.

KÓNGUR:

*(mjög móður):* Já, en nú get ég – púff, frætt þig á einu –púff. Ef kóngsdóttir – púff – púff sofnar ekki um leið og hún kemur heim, – púff, þá verður þú hýddur og hengdur í hæsta gálga.

NONNI:

*(kotroskinn):* Það er engin hætta á öðru en kóngsdóttirin sofni.

*(Allir fara út um dyrnar sem eru til hliðar við sviðið nema SÖGUMAÐUR)*

SÖGUMAÐUR:

Hún var uppgefin, veslings fallega, föla kóngsdóttirin. Henni hafði ekki komið dúr á auga í langan tíma. Hún lagðist til hvílu um leið og hún kom inn í svefnsalinn. Ósköp þótti henni gott að leggjast út af. Andardráttur hennar varð dýpri, höfuð hennar hallaðist til hliðar og eftir litla stund var hún sofnuð. Hún var svo voðalega þreytt.  
*(Fer út).*

*(ÞERNAN kemur út á milli tjaldanna fyrir miðjum pallinum. Hún setur vísifingurinn á varir sínar. SÖGUMAÐUR kemur út um hliðardyrnar og ætlar upp á pallinn).*

ÞERNAN

*(ánægð):* Ussss, kóngsdóttirin er sofnuð. Hún er steinsofnuð. Náðu í hans hátign og berðu honum þessi gleðitíðindi.  
*(SÖGUMAÐUR læðist út og ÞERNAN fer aftur út á milli tjaldanna).*

## 8. Þáttur

*(Í herbergi kóngsdóttur. KÓNGSDÓTTIR sefur fastasvefni í rúmi sínu. VARÐMAÐUR, KÓNGUR, ÞERNA og HIRÐMEISTARI læðast inn. SÖGUMAÐUR læðist á eftir þeim. Þau stoppa fyrst við dyrnar).*

ÞERNAN:

Ó, yðar hátign. Er þetta ekki dásamlegt? Hún sefur. *(Grætur gleðitárum).*

KÓNGUR:

Lof mér að sjá. *(Fer yfir að rúmi KÓNGSDÓTTUR, læðist svo aftur til ÞERNUNNAR). Ó, hvílík hamingja fyrir landið (Grætur gleðitárum og sest í hásetið en steinsofnar þá í sætinu. ÞERNAN fer að rúmi KÓNGSDÓTTUR og sofnar við rúmstokkinn).*

HIRÐMEISTARI

*(geispar): Guði sé lof. Nú má ég fara að sofa. (Hann sest á gólfið við hliðina á KÓNGINUM, hallar sér upp að hásetinu og sofnar. VARÐMAÐUR hnígur niður og sofnar við dyrnar. SÖGUMAÐUR læðist út).*

TJALDIÐ

TÓNLIST

*(SÖGUMAÐUR kemur upp á pallinn. Hann ber fingur að munni sér).*

SÖGUMAÐUR:

Allir í landinu sofnuðu. Svo hljótt var í konungsríkinu að vel hefði mátt heyra fjöðurstaf detta til jarðar. Enginn maður vaknaði alla nóttina svo mikil var kyrrðin. *(Læðist út).*

## 9. Þáttur

*(Í herbergi kóngsdóttur. Allir eru sofandi. KÓNGSDÓTTIR vaknar).*

**KÓNGSDÓTTIR**

*(líður vel, lítur í kringum sig, sest upp á rúmstokkinn, teygir sig):*

Góðan daginn, gamli konungur, faðir minn.

**KÓNGUR**

*(vaknar upp með andfælum):* Hvar er ég? Er kominn dagur? Nei, hvað sé ég. Augasteinninn minn er vaknaður. Hvernig líður þér?

*(ÞERNAN og HIRÐMEISTARINN vakna líka og teygja sig og standa upp).*

**KÓNGSDÓTTIR:**

Dæmalaust hef ég sofið vel. Oh, það liggur svo vel á mér. *(Sveiflar sér í hring).*

**ÞERNAN:**

Dásamlegt. Nú verður allt eins og á að vera.

**HIRÐMEISTARI:**

Nú getur kóngurinn farið að sinna störfum sínum.

**KÓNGSDÓTTIR:**

Hvar er Nonni? *(Við kóng).* Pabbi minn, mig langar að eiga hann.

**KÓNGUR:**

Varðmaður! Náðu í piltinn.

*(VARÐMAÐUR fer út)*

**KÓNGSDÓTTIR:**

Ég ætla að gifta mig á morgun og svo þætti mér gaman að fá hálfkóngsríkið.

**KÓNGUR:**

Þú getur fengið það allt. Því ég er svo syfjaður að ég get ekki stjórnað því lengur.

Gerðu svo vel. Taktu allt ríkið mitt. *(Tekur kórónuna ofan og lætur dóttur sína fá hana).*

**KÓNGSDÓTTIR**

*(faðmar KÓNG):* Takk, pabbi. *(Setur kórónuna á höfuð sitt).*

*(NONNI og VARÐMAÐUR koma inn).*

**KÓNGUR:**

Nonni, dóttir mín vill eiga þig. Ég er búinn að gefa henni allt ríkið mitt.

NONNI:

Það líst mér mjög vel á. *(Hann fer til KÓNGSDÓTTUR. Hún tekur kórónuna af höfði sér og lætur á höfuð NONNA. Hann tekur svo í hönd hennar og þau leiðast síðan það sem eftir er af leikþættinum).*

KÓNGUR:

Nú skulum við gera okkur glaðan dag. Nú efnum við til mikillar veislu, syngjum og dönsum fram á rauða nótt.

*(Allir para sig saman. TÓNLIST er leikin, þau marsera og dansa hirðdans).*

TJALDIÐ